



9. mars 2016

Nefndasvið Alþingis  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn vegna Tillögu til þingsályktunar um Umbætur á fyrirkomulagi peningamyndunar 169. mál, þingsályktunartillaga 145. löggjafarþing 2015–2016.

**Umsagnaraðili:** Betra Peningakerfi - átakshópur um endurbætur í peningamálum.

**Niðurstaða umsagnar:** Eindregið er mælt með því að tillagan verði samþykkt.

### Um umsagnaraðilann

Betra peningakerfi eru félagasamtök sem vinna að því að koma á þjóðpeningakerfi á Íslandi. Að félaginu stendur hópur áhugamanna um endurbætur í peningamálum landsins.

Starf félagsins felst í því að miðla upplýsingum um galla núverandi peningakerfis (brotaforðakerfi - e. fractional reserve banking) og leiðir til úrbóta (þjóðpeningakerfi - e. Sovereign Money System). Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu átaksins: <http://www.betrapeningakerfi.is>.

Betra peningakerfi er meðlimur í IMMR (International Movement for Monetary Reform), alþjóðlegum samtökum félaga frá 24 löndum sem berjast fyrir endurbótum á peningakerfum þjóðanna.

## Vandinn

### Innlánsstofnanir hafa miklar tekjur af útgáfu peninga

Í núverandi peningakerfi er innlánsstofnunum heimilt að búa til ígildi peninga með útlánunum. Í raun er megnið af þeim peningum sem notaðir eru í almennum viðskiptum rafræn innlán sem einkabankar hafa búið til með útlánunum.

Seðlabankinn býr til seðla og mynt, sem eru um 40 milljarðar. Bankarnir búa hins vegar til rafrænar óbundnar innstæður sem eru um 1.000 milljarðar. Það sem við köllum í daglegu tali íslenskar krónur eru að langmestu leyti krónur sem búnaðar eru til af bönkum sem vaxtaberandi skuld.

Bankarnir hafa þannig árlega tugi milljarða í hreinar vaxtatekjur (vaxtatekjur af útlánunum umfram vaxtagjöld af innlánunum) af þeim óbundnu innlánunum (rafkrónum) og útlánunum sem þeir hafa sjálfir búið til úr engu.

### Bankar magna sveiflur í peningamagni og efnahag landsins

Það er forsenda fyrir stöðugu verðlagi að magn peninga í umferð sé stöðugt og í góðu samræmi við framleiðni hagkerfisins.

Reynslan hefur hins vegar sýnt að innlánsstofnanir magna sveiflur í peningamagni með útlánunum sínum og auka þar með á efnahagsveiflur. Þegar efnahagshorfur eru góðar keppast bankar við að lána út peninga, oft með þeim afleiðingum að eignabólur myndast. Á samdráttarskeiðum verða bankar



svo áhættufælnir og vinna að því að draga saman útlán sín, en afleiðingin af því er aukinn samdráttur og jafnvel kreppa.

Þessi þróun hefur verið skýr undanfarin áratug, en t.a.m. tvöfaldaðist peningamagn í umferð (M2) frá upphafi árs 2006 til loka árs 2007. Þróunin snerist hins vegar við eftir fall bankakerfisins, þar sem peningamagn drógst verulega saman frá nóvember 2008. Peningamagnið hefur hins vegar aukist um 11% frá janúar 2013 til janúar 2016, samhliða auknum útlánaveitingum bankakerfisins. Þessi þróun hefur m.a. ýtt undir hækkun fasteignaverðs.

### Bankar mega ekki fara á hausinn

Önnur óæskileg afleiðing kerfisins er að þar sem nær allir peningar í landinu eru í formi innlána á hlaupareikningum innlánsstofnana myndu nær öll viðskipti stöðvast ef þær færu í þrot. Fólk hefði ekki peninga til að kaupa brýnustu nauðsynjar og afleiðingin gæti orðið upplausnarástand. Stjórnvöld sem standa frammi fyrir slíkri ógn munu ávallt velja fremur að bjarga bönkunum með skattfé almennings. Stórar innlánsstofnanir eru þannig í þeirri sérstöku aðstöðu að geta velt taprekstri yfir á samfélagið en haldið hagnaðinum þegar vel gengur.

### Sífelld meiri skuldasöfnun

Nær allir peningar í landinu eru búnir til sem vaxtaberandi skuld og vextirnir af þeim hlaupa á tugum milljarða árlega. Ekkert hagkerfi getur staðið undir því að greiða 3-5% vexti af öllum peningum í umferð án þess að sökkva dýpra og dýpra í skuldafenið. Hér á Íslandi má áætla að vextirnir séu á bilinu 30-40 milljarðar árlega.

Skuldarnar leggjast bæði á hið opinbera og einkaaðila. Jafnvel þeir sem skulda ekkert þurfa samt að greiða vexti óbeint, með sköttum sínum sem renna til að greiða vexti af ríkisskuldum og einnig í hærra verði fyrir vörur og þjónustu, þar sem fyrirtæki þurfa að greiða vexti af sínum lánnum.

### Alþjóðlegt vandamál

Í meira en 400 ár hafa þjóðir heims búið við það fyrirkomulag að leigja eigin gjaldmiðla af einkareknum innlánsstofnunum. Afleiðingin er sú að jafnvel ríki sem hafa náð stórkostlegum árangri í framleiðslu verðmæta, eins og Bandaríkin, eru sokkin í skuldafen sem vart sér út úr. Sem betur fer er til þekkt lausn á þessum vandamálum.

### Núverandi kerfi ýtir undir ójöfnuð

Með því að lána nýja peninga í umferð tryggja bankarnir sér leigu fyrir peningamagnið í formi vaxtagreiðslna. Vaxtagreiðslurnar leggjast þyngst á herðar þeirra sem bera hæstar skuldarnar og þær renna til fjármagnseigenda, bankanna og eigenda þeirra. Þannig ýtir peningakerfið undir efnahagslegan ójöfnuð. Í stað þess að brauðmolar hrjóti af borðum bankanna til efnaminni einstaklinga, í anda þess sem kallað hefur verið lekahagfræði (e. trickle down economics), saga bankarnir til sín auð frá efnaminni einstaklingum. Þetta þarf ekki að koma neinum á óvart sem fylgst hafa með þróun ójafnaðar í heiminum.

### Lausnin

#### Afnema þarf heimild innlánsstofnana til að búa til peninga

Lausnin á vanda núverandi peningakerfis felst í því að afnema heimild innlánsstofnana (bankar og sparisjóðir) til að búa til peninga með útlánnum. Breyta þarf lögum þannig að Seðlabankinn einn hafi heimild til að búa til peninga, hvort sem peningarnir eru úr pappír, málmi eða á rafrænu formi.



9. mars 2016

## Lausar innstæður verði geymdar í Seðlabanka

Lausar innstæður eða hlaupareikningar eru notaðir sem rafrænir peningar og ættu því ávallt að vera aðgengilegir innstæðuhöfum, jafnvel þótt banki fari í þrot. Lausar innstæður verði því geymdar á reikningi hjá Seðlabanka en ekki hjá einkareknum innlánsstofnunum.

Seðlabankinn mun ekki greiða vexti af lausum innstæðum. Þær eru einfaldlega rafkrónur í geymslu hjá Seðlabanka og bera því ekki vexti frekar en seðlar og mynt í bankahólf.

## Innlánsstofnanir ávaxta áfram innlán

Bankar og sparisjóðir munu sinna sama hlutverki í greiðslumiðlun peninga og þeir gera varðandi óbundin innlán í dag. Til þess að fá ávöxtun á peninga sína eiga fjármagnseigendur þann kost að veita innlánsstofnunum peningana að láni. Innlánin geta verið óbundin eða bundin og endurlánuð sem útlán. Innlánsreikningarnir geta verið uppsegjanlegir með ákveðnum fyrirvara eða lausir eftir fyrirfram ákveðinn tíma. Boðnir yrðu hærrí vextir eftir því sem innlán eru bundin til lengri tíma.

Innlánsstofnanir munu áfram geta stundað svonefnda tímaumbreytingu (e. Maturity transformation) á fjármagni með því að fá lánað stutt eða óbundin innlán og lána út til lengri tíma. Til þess að lágmarka hættuna á lausafjárskorti munu þeir fylgja lögbundnum skilyrðum um laust fé auk þess að stunda ábyrga fjárstýringu sem virkt eftirlit yrði með.

Bankar munu því áfram gegna því mikilvæga hlutverki að taka við sparnaði og veita útlán. En þeir munu ekki hafa heimild til að búa til nýja peninga með lánastarfsemi líkt og nú.

## Umskipti í nýtt peningakerfi

Þeir peningar (óbundin innlán) sem innlánsstofnanir hafa þegar búið til yrðu áfram í umferð, en færðir á reikning Seðlabankans við umskiptin.

Öll laus innlán verða þannig færð af skuldahlið innlánsstofnana yfir á skuldahlið Seðlabankans. Samhliða mun Seðlabankinn eignast jafn háa kröfu á innlánsstofnanirnar. Þannig eru efnahagsreikningar banka og Seðlabanka áfram í jafnvægi.

Seðlabankinn fær kröfur sína á innlánsstofnanir greiddar jafn óðum og þær ná að innheimta þau útlánasöfn sem stóðu á móti innstæðunum. Tíminn sem þetta tekur veltur á innlánamagni og hvernig endurgreiðslum útlána bankanna er háttað, en þetta gæti tekið um 5-7 ár. Innlánsstofnanir munu því hafa nokkur ár til að aðlaga rekstur sinn að hinu nýju fyrirkomulagi og lækkandi tekjum af útgáfu rafpeninga.

## Opinber peningamagnsnefnd mun ákveða peningamagn í umferð

Sett yrði á fót peningamagnsnefnd sem myndi starfa óháð framkvæmdavaldinu. Hlutverk nefndarinnar væri að meta reglulega hvort þörf væri á að auka peningamagn í samræmi við hagvöxt eða önnur þjóðhagsleg viðmið. Markmið peningamagnsnefndar yrði að stuðla að stöðugleika út frá þjóðhagslegum markmiðum.

## Ríkisstjórnir ákveða í hvað nýir peningar fara

Hafi peningamagnsnefnd ákveðið að auka peningamagn, er nýju peningunum komið í umferð með því að leggja þá inn á reikning ríkissjóðs hjá Seðlabanka.



9. mars 2016

Það færi svo eftir stefnu ríkisstjórnar á hverjum tíma hvort nýjum peningum yrði varið til að greiða niður ríkisskuldur, til lækkunar á sköttum eða til að auka ríkisútgjöld. Nýju fé er því komið í umferð með lýðræðislegum hætti og yrði aðeins varið í samræmi við gildandi fjárlög.

## Ávinningurinn

### Aukinn stöðugleiki

Með því að afnema getu innlánsstofnana til að auka og minnka framboð peninga sem afleiðingu af útlánastarfsemi er mjög dregið úr líkum á eignabólum og skuldakreppum.

### Bankaáhlaup verða úr sögunni – ekki lengur þörf fyrir innstæðutryggingar

Þar sem allar lausar innstæður munu verða tryggilega geymdar í Seðlabanka og allar innstæður í innlánsstofnunum verða bundnar til einhvers tíma, þá er ekkert tilefni til áhlaups á banka. Rafrænar peningar munu vera aðgengilegir og greiðslumiðlun vera ótrufluð þótt bankar fari á hausinn. Það er því engin ástæða til að velta tapi þeirra yfir á skattgreiðendur. Þetta þýðir að hið kostnaðarsama en óskilvirka innstæðutryggingakerfi verður óþarft með öllu.

### Ríkisskuldur lækka um hundruð milljarða á fáeinum árum

Það gæti tekið innlánsstofnanir um 5-7 ár að greiða upp skuld sína við Seðlabanka, en hún mun nema jafn hárrí upphæð og óbundnum innlánnum í krónum á breytidegi kerfisins. Jafn óðum og skuldin greiðist upp mun Seðlabanki Íslands setja í umferð rafpeninga að sömu fjárhæð til að halda peningamagni í hagkerfinu óbreyttu.

Gera má ráð fyrir að Seðlabankinn muni setja samtals 3-400 milljarða í umferð með þessum hætti fyrstu árin, þá upphæð mætti t.d. nota til að grynna á ríkisskuldum.

### Veruleg lækkun einkaskulda

Samfélagið mun ekki lengur þurfa að greiða bönkum árlega tugi milljarða í vexti fyrir það eitt að búa til gjaldmiðilinn. Þegar slíkri vaxtabyrði er aflétt af samfélaginu, verður mun auðveldara að draga úr skuldsetningu einstaklinga og fyrirtækja.

### Mun minni verðbólga og verðtrygging óþörf

Verðbólga verður miklu minni en áður, þar sem mun auðveldara verður að stýra peningamagni út frá hagvaxtarhorfum en við höfum áður kynnst. Verðbólga mun því ekki valda skuldurum sömu hækkun greiðslubyrði af lánum og hingað til hefur þekkst og verðtrygging lána verður þannig óþörf að mestu.

### Unnt verður að stemma stigu við auknum ójöfnuði

Engir vextir eru innheimtir af peningamagninu undir þjóðpeningakerfi, líkt og innlánsstofnanir gera í dag í formi vaxta frá heimilum og fyrirtækjum. Hins vegar getur ríkið nýtt nýútgefna peninga til að stemma stigu við ójöfnuði í gegnum ríkisútgjöld. Upptaka þjóðpeningakerfis gefur hinu opinbera því mjög skilvirkt tæki í baráttunni við ójöfnuð.

### Niðurstaða

Að ofansögðu má sjá að mikill hagur er af upptöku þjóðpeningakerfis. Fá og veik rök hafa hins vegar verið færð með núverandi brotaforðakerfi sem jafnframt virðist eiga sér fáa málsvara. Því er full ástæða og áriðandi að málið verði skoðað ofan í kjölinn. Betra Peningakerfi mælir því eindregið með



9. mars 2016

Því að þingsályktunartillagan verði samþykkt og að skipuð verði nefnd þingmanna til að vinna úttekt á fyrirkomulagi peningamyndunar í landinu og geri tillögur að umbótum.

Sé þess óskað er félagið tilbúið til að verða nefndinni til aðstoðar með þeim hætti sem hún óskar.

Virðingarfyllt,  
fh. átaksins Betra peningakerfis,

Albrecht Ehman  
Halldór Pálmi Bjarkason  
Loftur Már Sigurðsson  
Jón Ásgeir Eyjólfsson  
Júlíus K Valdimarsson  
Sigurður Ingi Pálsson  
Viðar Guðjohnsen